

Afbrotatölfræði

September 2010

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Hér eru birtar niðurstöður greiningar á afbrotatölfræði fyrir september 2010. Til samanburðar er horft til sama mánaðar síðustu ára.

Hegningarlagabrotum hefur fækkað. Þau voru 1.202 í september en 1.277 árið 2009. Umferðarlagabrotin voru 3.654 í fyrra en 27% fleiri í ár, eða 4.644. Fíkniefnabrot voru 119 sem eru talsvert fleiri brot en í fyrra, en þá voru þau óvenju fá miðað við árin þar á undan (mynd 1).

Hraðakstursbrot voru 3.270 sem er svipaður fjöldi og í september 2008 en brotin voru nokkuð færri í fyrra. Þjófnaðarbrot, innbrot og brot er varða ölvun við akstur voru færri en í september síðustu tvö ár. Eignaspjöll, áfengislagabrot, akstur gegn rauðu ljósi og nytjastuldur voru hins vegar fleiri. Um þrjár líkamsárásir voru tilkynntar á dag í september og fjögur fíkniefnabrot.


Nú eru liðnir þrír ársfjórðungar af árinu 2010. Ef litið er til þróunar hegningarlagabrota má sjá að fjöldinn það sem af er ári er svipaður og fjöldi hegningarlagabrota yfir sama tímabil 2008. Brotin voru hins vegar færri í ár en í fyrra. Helst má sjá fækkun í innbrotum, ránum og gripdeildum auk þess sem brot gegn valdstjórninni eru færri. Einnig má nefna að kynferðisbrotin eru færri.



Mynd 1. Fjöldi brota í september 2005-2010 eftir tegund brots.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í september 2008, 2009 og 2010.

	Sept. 10	Sept. 09	Sept. 08
Hraðakstursbrot	3.270	2.726	3.369
Þjófnaðarbrot	387	410	420
Eignaspjöll	263	240	237
Innbrot	225	313	271
Ölvun við akstur	103	104	147
Fíkniefnabrot	119	84	156
Áfengislagabrot	68	32	64
Líkamsárás (217.-218. gr.)	97	86	107
Akstur gegn rauðu ljósi	53	28	34
Nytjastuldur	40	33	32



Mynd 2. Fjöldi hegningarlagabrota fyrstu níu mánuðina árin 2008, 2009 og 2010.

Afbrotatölfræði

September 2010

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í september 2008, 2009 og 2010 greint eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot*			Fíkniefnabrot		
	2010	2009	2008	2010	2009	2008	2010	2009	2008
Akranes	19	17	13	60	95	127	0	0	2
Akureyri	29	81	73	77	124	121	13	1	18
Blönduós	1	6	4	131	158	192	0	0	2
Borgarnes	11	20	19	474	890	501	0	3	1
Eskifjörður	10	11	6	143	164	228	2	0	3
Húsavík	17	17	4	45	52	22	1	0	0
Hvolsvöllur	7	13	7	119	103	117	0	0	1
Höfuðborgarsvæðið	930	933	895	2.333	1.565	2.460	63	53	87
Sauðárkrókur	6	6	13	19	39	36	1	8	3
Selfoss	45	63	75	756	176	144	1	3	10
Seyðisfjörður	5	3	11	64	81	133	2	2	1
Snæfellsnes	4	6	8	23	11	37	0	0	0
Suðurnes	67	83	98	339	155	396	27	12	17
Vestfirðir	33	8	45	41	26	31	5	0	5
Vestmannaeyjar	18	10	22	20	15	10	4	2	6
Alls	1.202	1.277	1.293	4.644	3.654	4.555	119	84	156

*Stafrænar hraðamyndavélar eru í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi, á Eskifirði, á höfuðborgarsvæðinu (Hvalfjarðargöng), á Selfossi og á Suðurnesjum.

Í töflu 2 koma fram upplýsingar um fjölda hegningarlaga-, umferðarlaga- og fíkniefnabrota í september eftir umdæmum. Eins og sjá má er stærsti hluti hegningarlagabrota á höfuðborgarsvæðinu, eða 77%. Þar sem brot eru færri er þróun þeirra viðkvæmari milli ára og varast ber að lesa mikið í þær breytingar, sérstaklega ef þær eru tilviljunarkenndar. Til að mynda var fjöldi brota á Vestfjörðum 33 brot í september síðastliðnum, aðeins átta yfir sama tímabil í fyrra, en 45 í september 2008. Helst má sjá mismun í fjölda þjófnaða og innbrota.

Umferðarlagabrot voru 4.644 sem eru tæplega þúsund fleiri brot en yfir sama tímabil í fyrra og svipaður fjöldi og 2008. Brotin voru færri en síðustu tvö ár í umdæminu á Akranesi, Akureyri, Blönduósi, Borgarnesi, Eskifirði, Sauðárkróki og Seyðisfirði.

Fíkniefnabrotin voru 119 talsins en voru um 30% færri í fyrra en um 30% fleiri árið 2008. Flest voru brotin á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 13. október 2010. Tölur fyrir árið 2010 eru bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni. Önnur verkefni sem lögregla sinnir koma ekki fram í samantektinni. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.